

III.

Sólarguð! lísga oss, vek oss af vetrarins drunga!
 Vorguð! í faðminn þinn tak þú oss gamla og unga!
 Lífskuð! ó, sýn oss hið ljúfasta, fegursta, æðsta,
 lát þú oss þekkja og skilja hið dýpsta og hæsta!
 —Verði oss himininn frelsisins fyrirmynnd stærsta.
 Fegurð og yndissjón veiti oss blómdísin glæsta.
 Hugsun vor djúp eins og hafið, með eldvilja nýjum.
 Hjörtun eins vonglöð og söngfugl á ármorgni hlýjum.

Lífið er vor, sem að vekur til starfa og hvetur,
 vor, sem að breytist í summar, í haust og í vetur.
 Vorið er líf, sem að öllum eitt aðalmark setur:
 áfram og hærra að þekkja og skilja alt betur—
 —Ef að þú lærir hið volduga vormál að skilja,
 vernd er það eilíf mótt dimmu og næðingi bylja.
 Þá áttu' í sál þinni himneska vordýrð og vilja,
 veturinn kemur þá blíður og fagur sem lilja.

þorsteinn Þ. Þorsteinsson.



„Exposition of Morality.“

Fyrirlestur eftir **St. Thorson**, fluttur á Menningarfélagsfundi í Unitara-kyrkjunni í Winnipeg, veturinn 1907.



AÐ þykir máske óheppilega valið nafnið, sem eg hefi á þessum fyrirlestri og sumum kannske virðist það eiga illa við að það er ekki á íslenzku, þar sem fyrirlesturinn er á því máli. Eg hefi engar afsakanir að færa fyrir því aðrar en þær, að eg gat ekki fundið nafn, sem mér þótti betur eiga við efnið, og eg gat ekkert íslenzkt orð fundið, sem eg áleit að gæti táknað alveg það sama.